

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Ánanaust 8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 6. desember 2013, breytingu á deiliskipulagi reits 1.089.8 vegna lóðarinnar nr. 8 við Ánanaust. Í breytingunni felst m.a. stækkun lóðar og aukning á byggingarmagni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.171.3 Laugavegs- og Skólavörðustígsreitir.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 3. janúar 2014, breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.3 vegna lóðanna nr. 4 og 6 við Laugaveg. Í breytingunni felst m.a. að húsið Skólavörðustígur 3 á lóðinni nr. 4 við Laugaveg fái sérstaka skilgreinda lóð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skyggnisbraut 26-30.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 3. janúar 2014, breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 26-30 við Skyggnisbraut. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða, nýting þakrýmis og færslu á keyrslurampa fyrir bílakjallara.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Klettagarðar 7.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 10. janúar 2014, breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 7 við Klettagarða. Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitir er stækkaður til vesturs og stofnuð er ný lóð, Klettagarðar 7A, fyrir dreifistöð Orkuveitu Reykjavíkur.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 31. janúar 2014.

Björn Axelsson.